

## GJALDSKRÁ

### fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 7. grein samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 295/2007.

#### 2. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að sorpgjald í þéttbýli á hvert heimili verði kr. 29.500 og kr. 17.800 á hvert heimili í dreifbýli Borgarbyggðar. Auk þess hefur sveitarstjórn ákveðið að sorpgjald frístundahúsa verði kr. 11.900.

Fyrir hvert aukasorpilát í þéttbýli skal greiða gjald vegna söfnunar og förgunar á sorpi kr. 15.500.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku- og flokkunarstöðvar í Borgarnesi (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við byggingarvísitölu um hver áramót. Neðangreint verð miðast við grunnvísitölu í desember 2010.

Brotamálmar	kr.	1.739	per m <sup>3</sup>
Brotamálmar	kr.	6,62	per kg
Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva)	kr.	8.350	per stk.
Timbur	kr.	1.395	per m <sup>3</sup>
Grófur úrgangur (grjót, gler, garðaúrgangur, jarðvegur o.s.frv.)	kr.	988	per m <sup>3</sup>
Pappír (ekki bylgjupappi)	kr.	2.447	per m <sup>3</sup>
Blandað pressanlegt sorp	kr.	2.640	per m <sup>3</sup>

Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkað sorp á gámastöðina. Ef ekki er forflokkað greiðist 20% álag ofan á ofangreint verð.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur gefið út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Íbúar geta komið með allt að sex rúmmetrum af úrgangi frá heimilum á ári án þess að greitt sé fyrir.

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun á úrgangi á gámastöðinni.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi 1. janúar 2011.

*Borgarnesi, 10. desember 2010.*

**Páll S. Brynjarsson** sveitarstjóri.